Nd. **421. Nefndarálit** [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur rætt á fundi sínum frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof, 194. mál, þskj. 388). Frumvarpið, sem flutt er af níu þingmönnum neðri deildar Alþingis úr fjórum flokkum og tekur af tvíæli um afnám skerðingarákvæða í fæðingarorlofi, var einnig rætt við fimm stjórnarmenn úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem komu á fund nefndarinnar og veittu ýmsar upplýsingar.

Niðurstaða meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar var sú, að vegna framkvæmdar laganna þyrfti að hraða afgreiðslu málsins á Alþingi. Var nefndin sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Sigurður Magnússon, 3. þm. Reykv., mun væntanlega skila séráliti.

Alþingi, 24. mars 1977.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Skaftason,<br>form. | Þórarinn Sigurjónsson,<br>fundaskr. | Ragnhildur Helgadóttir,<br>frsm. |
| Karvel Pálmason,<br>með fyrirvara. | Sigurlaug Bjarnadóttir. | Guðmundur H. Garðarsson. |